

# Samningur

*St. Jósefsspítala - Sólvangs (STJS) og  
Landspítala (LSH) um samstarf  
vegna tilfærslu verkefna frá LSH til STJS*

Á grundvelli laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu gera St. Jósefsspítali - Sólvangur (STJS) kt. 420106-1220 annars vegar og Landspítali (LSH) kt. 500300-2130 hins vegar, með sér svofellt samkomulag um aukið samstarf, m.a. tilfærslu verkefna frá LSH. Samkomulagið er í samræmi við tilmæli heilbrigðisráðuneytis vegna viðbótarfjármuna í fjárlögum ársins 2008 til heilbrigðisstofnana á suðvesturhorninu til að taka við verkefnum frá LSH.

## Markmið

Með samningi þessum áforma aðilar að stuðla að betri nýtingu sjúkkrarúma og fagþekkingar á báðum stofnunum, að heilbrigðisþjónusta verði veitt í ríkari mæli í heimabyggð og að auka rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana.

## Forsendur

Samkomulagið tekur mið af lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, fjárlögum ársins 2008 og tilmælum heilbrigðisráðuneytisins. Lögð er áhersla á að einstaklingar njóti bestu heilbrigðisþjónustu sem næst heimili eða dvalarstað þeirra.

Á hverjum degi leitar fjöldi sjúklinga til LSH vegna margvíslegra bráðavandamála. Sjúklingar þurfa mislangan tíma til að ná sér eftir bráð veikindi og hafa aldrei meiri þörf fyrir endurhæfingu að bráðameðferð lokinni en aðrir sjúklingar. Brýnt er að hafa alltaf næg rými tiltæk fyrir bráðaþjónustu spítalans, en LSH er aðalsjúkrahús landsins og umdæmissjúkrahús höfuðborgarsvæðisins.

St. Jósefsspítali - Sólvangur er sérhæfð heilbrigðisstofnun í Hafnarfirði, sem hefur þau markmið að auka þjónustu sína sérstaklega á sviði meltingarsjúkdóma, skurðlækninga og einnig á sviði sérhæfðrar öldrunarþjónustu í samræmi við framtíðarstefnu stofnunarinnar og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

## Framkvæmd

Samkomulag er um að haga samstarfinu með eftirfarandi hætti:

1. St. Jósefsspítali - Sólvangur mun taka á móti sjúklingum með lögheimili í Hafnarfirði, sem lokið hafa bráðameðferð og bíða úrræða vegna vistunar eða endurhæfingar. Til þess verða þrjú sjúkkrarúm til afnota á hverjum tíma. Ákvörðun um að bjóða

einstaklingi legurými á STJS er í höndum útskriftarteymis LSH að höfðu samráði við vakthafandi deildarlækni lyflækningadeildar STJS.

2. STJS mun taka á móti sjúklingum með lögheimili í Hafnarfirði, sem leitað hafa til bráðamóttöku LSH vegna ýmissa almennra lyflæknisvandamála og hafa hlotið bráðameðferð þar en þurfa frekari rannsóknir, meðferð og endurhæfingu, sjá vinnureglur sem settar voru árið 2007 (viðauki 1). Til þess verða þrjú sjúkrarúm til afnota á hverjum tíma. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á STJS er í höndum útskriftarteymis LSH að höfðu samráði við vakthafandi deildarlækni lyflækningadeildar STJS.
3. STJS veitir öldruðum sjúklingum með lögheimili í Hafnarfirði endurhæfingu eftir að þeir hafa leitað til LSH vegna bylту eða beinbrots, þegar greiningu og bráðameðferð er lokið. Til þess verða tvö sjúkrarúm til afnota á hverjum tíma. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á STJS er í höndum útskriftarteymis LSH að höfðu samráði við vakthafandi deildarlækni lyflækningadeildar STJS.
4. STJS tekur við sjúklingum með lögheimili í Hafnarfirði, sem liggja á LSH vegna ýmissa sjúkdóma sem þurfa langtíma sýklalyfjameðferð eftir að greiningu og bráðameðferð er lokið á LSH. Hér er einkum átt við sjúkdóma svo sem hjartabolsbólgu án fylgikvilla, ígerðir í lungum (lungna abcess) og sýkingar í beinum (osteomyelitis). Til þess verða tvö sjúkrarúm til afnota á hverjum tíma. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á STJS er í höndum útskriftarteymis LSH að höfðu samráði við vakthafandi sérfræðing lyflækningadeildar STJS.
5. Liður 1. til 4. gerir hver fyrir sig ráð fyrir ákveðnum fjölda sjúkrarúma en mögulegt er að breyta þeirri skiptingu að höfðu samráði við vakthafandi deildarlækni lyflækningadeildar STJS, þó þannig að sjúklingar frá LSH verði ekki fleiri en 10 á hverjum tíma.
6. Sumarstarfsemi STJS og LSH skal samræma eins og kostur er með samráðsfundum framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar beggja stofnana með það að markmiði að nýta sjúkrarými þeirra sem best. Áætlun um sumarstarfsemi STJS og LSH og samráðsferli skal lokið fyrir 1. apríl 2008.
7. Markvisst skal unnið að tengingu STJS við Ljóra (rafrænan glugga LSH) til að auðvelda flæði upplýsinga um sjúklinga sem fá þjónustu á STJS og LSH. Þar til tenging hefur komist á skulu einstaklingar sem leggjast inn á STJS frá LSH hafa meðferðis sjúkraskýrslu sem inniheldur sjúkrasögu og niðurstöður nýjustu rannsókna.
8. Faglegur og rekstrarlegur árangur af þessu fyrirkomulagi skal metinn ársfjórðungslega af báðum aðilum, í fyrsta skipti í byrjun apríl 2008 og síðan á þriggja mánaða fresti. Niðurstöðum úr því mati skal skilað til heilbrigðiráðuneytis eigi síðar en 15. apríl, 15. júlí, 15. október 2008 og 15. janúar 2009.

Samningur þessi tekur gildi 21. janúar 2008 og gildir til loka ársins 2008.

Reykjavík, 21. janúar 2008

F.h. St. Jósefsspítala - Sólvangs

F.h. Landspítala

---

Árni Sverrisson  
forstjóri

---

Magnús Pétursson  
forstjóri

F.h. heilbrigðisráðuneytis

---

Guðlaugur Þór Þórðarson  
ráðherra

## Flýti- og gátlisti

fyrir lækna þegar sjúklingur er lagður inn á sjúkrahús frá bráðamóttöku LSH

Þegar ákvörðun um að leggja sjúkling á legudeild hefur verið tekin í kjölfar á mati á bráðamóttökum spítalans þarf að hugleiða hvar sé best að sjúklingur fá þá þjónustu sem að honum ber. Sérhæfða þjónustu fær sjúklingur á Landspítala og fer sjúklingur að jafnaði á þá deild spítalans sem hann fær þjónustu í samræmi við þarfir. Ef sjúklingur þarf sjúkrahúsvist sem hægt er að veita á öðru sjúkrahúsi en Landspítala skal læknir á bráðamóttöku leita til nærliggjandi sjúkrahúsa og kanna möguleika á flutningi sjúklings þangað. Það skal ávallt hafa hag sjúklings að leiðarljósi við slíka ákvarðanatöku. Þau úrræði sem eru til staðar eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Þegar flutningur á aðra sjúkrastofnun en Landspítala hefur verið ákveðinn er mikilvægt að sá sem stofnar til flutningsins fylgi eftirfarandi fyrirmælum:

1. Ljúki gerð útskriftarbréfs þar sem fram kemur saga, skoðun, rannsóknir, niðurstaða og meðferð.
2. Jafnframt skal geta þeirra rannsókna sem búið er að stofna til á bráðamóttöku. Gott er að láta símanúmer fylgja með svo að læknir sem tekur við sjúklingi eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar um niðurstöður rannsókna.
3. Láta framangreind gögn fylgja sjúklingi á áfangastað.
4. Sjúklingur er ávallt á ábyrgð þess sem að sendir sjúkling. Það er mikilvægt að læknir sem sendir sjúkling hvetji til þess að læknir sem tekur við sjúklingi hafi samband þegar þegar sjúklingur kemur á áfangastað til staðfestingar og til að greiða úr hlutum sem kunna að vera óljósir. Slík vinnubrögð eru til þess fallin að bæta gæði og auka öryggi þjónustunnar við sjúkling.

Sjúkrastofnun	Viðfangsefni	Símanúmer	Athugasemdir
Sjúkrahús Suðurnesja Keflavík	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lungnasjúkdómar</li> <li>• Hjartasjúkdómar</li> <li>• Almenn lyflæknisfræði</li> <li>• Samfallsbrot</li> <li>• Smáslys sem þarfnast vöktunar</li> </ul>	422-0500	Hringja til að kanna pláss (D-deild). Ef pláss til staðar þá tilkynna til vakthafandi lyflæknis
Sjúkrahús Suðurlands Selfossi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Almennar lyflækningar</li> <li>• Skurðlækningar</li> </ul>	480-5100 860-7211* (kir) 860-7212 (dagvakt með) 860-7216 (kvöld og næturvakt með)	*) frá 20 júní til 12. júlí leysir Magnús Kolbeins af. Vaktsími hans er 895-8197
Sjúkrahús Akraness	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Almennar lyflækningar</li> <li>• Gigtlækningar</li> <li>• Meltingarfæri</li> <li>• Skurðlækningar</li> </ul>	430-6000 899-4171 (lyflæknisvakt)	Hafa samband við skiptiborð á Akranesi vegna sjúklunga á skurðdeild
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Almennar lyflækningar</li> <li>• Meltingarfærasjúkdómar</li> <li>• Innkritisjúkdómar</li> </ul>	555-0000 520-1005 (beinn sími á lyflækningadeild)	Hafnfirðingar ganga fyrir öðrum sjúklingum.

Slysa- og bráðasvið LSH  
22. júní 2007.